

12. apríl 2016. DKG fundur haldinn í Háskólanum á Akureyrir. Mættar voru 26 konur.

Björk bauð konur velkomnar og Rósa Kristín kveikti á kertum. Marta var með orð til umhugsunar og las fyrir okkur upp úr Spámanninum eftir Kahil Gibran um gjafmildina, frelsið og fræðsluna.

Undirbúningsnefndin tók við stjórn fundarins en í henni voru þær: Rósa Kristín Júlíusdóttir, María Steingrímsdóttir, Martha Lilja Olsen, Hanna Salómons dóttir, Elín Elísabet Magnúsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir.

María Gunnars las fundargerðir frá 17. febrúar og 17. mars. Og voru þær samþykktar með smá breytingum.

- Erindi frá stjórn. Björk minnti á Vorþingið sem verður haldið 30. apríl. Einnig ræddi hún um að konur láti vita ef þær komist ekki á fundi og þá sérstaklega fundi þar sem við höfum pantað mat.
- Lokafundurinn verður haldinn 20. maí í heimahúsi og síðan verður farið út að borða.

Rætt var um fjölgun í deildina okkar um 5 konur. Útbreiðslunefnd lagði til að 5 konur verði teknar inn á næstu þremur árum. Hægt verður að senda inn tilnefningar fyrir annan fund í haust og á honum verða kynningar á konum. Á þriðja fundi verður kosning ef engar ábendingar hafa borist til stjórnar eða útbreiðslunefndar. Hljóti kona kosningu er henni boðið á jólafund. Í útbreiðslunefnd eru þær Fríða Sigga og Jóhanna. Eygló benti síðan á að við myndum hafa fund með nýju konunum og á þeim fundi yrðu samtökin kynnt almenninga.

Önnur mál.

- Jónína kvað sér hljóðs og sagði frá undirbúningshópnum sem er að skipuleggja Landsambandsþingið vorið 2017 en það eru þær Margrét, Jónína og Elín. Fundurinn verður 6. – 7. 2017 Maí. Þær eru búnar að negla gistingu á Icelandair og bóka 20 herbergi og einnig hátíðakvöldverðinn þar. Þingið sjálft verður á Hólum í MA. Þá sagði hún okkur að hugmynd að utandagskrátriði væri að fara í kvennagöngu um innbæinn.

Gestur fundarins

- Þá var komið að gesti kvöldsins en það var hún Krisín M. Jóhannsdóttir sem fræddi okkur um Vestur- íslensku, en á árunum 1870 – 1914 fluttu um 14.268 Íslendingar til Vesturheims og örugglega fleiri. Flestir fluttu til Manitoba og stofnuðu Nýja Ísland við Winnipegvatn. Þeir stofnuðu skóla, gáfu út dagblöð og þar voru prentaðar íslenskar bækur. Það sem hún og félagar hennar voru að rannsaka var hvernig íslenskan þróaðist meðal íslensku innflytjendanna og hvernig þau aðlöguðu ensk orð að

Íslensku og öfugt. S.s. train (lest) var beint þýdd treinið car (bíll) var carið að hjúkra var að nörsa. Hann lifði á næsta bæ „ Stúlkan í næstu dyrum (next door) Þetta var mjög áhugaverður og skemmtilegur fyrirlestur því vestur-Íslenskan er deyjandi tungumál og það fer hver að verða síðastur að rannsaka þetta frábæra tungumál og heyra það.

Þá var pyngjan góða látin ganga og kaffið var í boði þeirra Sigríðar, Herdísar Önnu, og Jórunnar. Þá var happdrætti í lokin og Margrét Jóns fékk happdrættisvinninginn.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundarritari þessa fundar var

María Gunnarsdóttir í fjarveru Ragnheiðar.